

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**802. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. september 2013  
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Erindi Hrafnhildar Pétursdóttur
2. Bréf Símans.
3. Bréf Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.
4. Erindi Kristófers Jóhannessonar.
5. Umsóknir um námsvist í grunnskóla og leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.
6. Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

### Afgreiðslur:

1. Lagt fram erindi Hrafnhildar Pétursdóttur, umsókn um leyfi fyrir takmörkuðu búfjárhaldi. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar landbúnaðarráðs.
2. Lagt fram til kynningar bréf Símans dags. 5. september sl. þar sem tilkynnt er lokun símaklefa/sjálfsala sem staðsettur er í sveitarfélaginu.
3. Lagt fram til kynningar bréf EBÍ dags. 6. september sl. um ágóðahlutagreiðslu 2013. Hluttur Húnaþings vestra árið 2013 er kr. 1.429.500
4. Lagt fram Erindi Kristófers Jóhannessonar dags. 10. september sl. Umsókn um leyfi til vetrarveiða á ref. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til landbúnaðarráðs.
5. Lagðar fram umsóknir um námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags fyrir Kristján Bjarna Jakobsson og Ingólf Árna Jakobsson og umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags fyrir Hermann Heiðar Jakobsson. Byggðarráð frestar afgreiðslu og felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að afla frekari upplýsinga um málið.
6. Lagt fram bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 11. september sl. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiárið 2013/2014. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn fyrir tilskilinn frest sem er 30. september n.k.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:42

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri  
fjármála- og stjórnsýslusviðs

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.